

Stjórnarfundur FKA #7

Starfsár: 2024-2025

Staður: Tíu sopar Laugavegi 27

Dagsetning: 06.12.2024

Tími: 12.00 – 12.30 **SVO 12.30 – 14.15 matur með fyrstu stjórn félagsins.**

Mættar: Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Guna Mežule (GM), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA), Jasmina Vajzovic Crnac (JVC) ásamt Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastj. FKA (AR)

Forföll boðuðu: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ) & Sandra Yunhong She (SYS),

12.00 – 12.05	1	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, rekstraráætlun samþ. (AR) Farið yfir rekstraráætlun og allt er á plani. Eftir áramót förum við í að finna styrktaraðila. Andrea búin að láta Bryndísi skrá hjá sér að tala við nýjan ráðherra, boða fund með nýjum ráðherra og fá styrk eins og áður fyrir Jafnvægisvogina. Stöðugt verið að greiða úr vegna heimasíðu. Smá brölt á heimasíðunni en það er allt í vinnslu. Próa, prófa og sannreyna. Vinna með Mundakoti og Reglu gengur vel en nóg um að vera að koma nýrri síðu í loftið og láta hana virka þannig að hún spari tíma, eykur skilvirkni og er góð fyrir ímynd félagsins og þjónustar félagskonur og atvinnulífið, fjölmiðla, almenning sem best.
12.05 – 12.10	2	Hlutverk innan stjórnar, staðan (UEA) Farið yfir dagskrá næstu mánaðar og þurfum að skrá okkur í hvað við komumst..
12.10 – 12.15	3	Fjárhagur landsbyggða (ISS og UEA) Inga með leyfi til að hringja í Helgu á Suðurlandi og fara yfir landbyggðarmál og þátttöku þeirra.
12.15 – 12.25	4	Viðurkenningarhátíð - praktík fram yfir áramót (GHJ og AR) Undirbúningur á fullu fyrir Viðurkenningarhátíð og mjög spennandi að sjá valið.
12.25 – 12.30	5	Önnur mál Stuttur fundir og tekið á móti fyrstu stjórn FKA og var virkilega gaman að hittast, efla tengslin og rifja upp 25 ára sögu félagsins. Hugmynd framkvæmdastjóra sem réð ljósmyndara til að stilla upp eins mynd og var tekin árið 1999, puntaði hjá sér og kemur til með að gera frétt um þessa notalegu stund.

Guðrún Gunnarsdóttir og Andrea framkvæmdastjóri settu saman fundargerð.